

Eystrahorn

30. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 9. september 2021

www.eystrahorn.is

Þróun byggðar til framtíðar á Höfn. Hvað sérð þú fyrir þér?



Þegar fólk velur sér framtíðarhúsnæði er að mörgu að hyggja. Stærð, staðsetning, umhverfi og aðgengi að þjónustu skiptir þar máli. Þarfir okkar og framtíðarsýn eru mismunandi og því mikilvægt að sem flestir íbúar komi að umræðum um næstu skref í þróun íbúðarsvæða á Höfn.

Nú stendur Sveitarfélagið Hornafjörður frammi fyrir þeirri áskorun að framboð á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði er orðið af skornum skammti. Uppbygging á síðustu árum og ásókn í lóðir hefur farið fram úr væntingum og mikilvægt að bregðast við. Hafin er vinna við deiliskipulagningu

á Leirusvæði II og einnig hafa verið deiliskipulagðar lóðir í þéttingu byggðar í innbæ. Ljóst er að margir möguleikar eru í stöðunni hvort sem er fyrir þéttingu byggðar á Höfn eða uppbyggingu nýrra hverfa.

Sveitarfélagið Hornafjörður boðar því til íbúafundar þann 15. september n.k. kl. 15:00 í Nýheimum þar sem framtíðaríbúðabyggð og lausnir á lóðaframboði verða rædd. Kynnt verður samantekt um möguleika á svæðum til þéttingar byggðar og uppbyggingu nýrra hverfa og rætt um kosti og galla hvors fyrir sig. Fyrirkomulag fundarins verður svokallað heimskaffi og þannig gefst öllum tækifæri til

þess að koma sínum skoðunum á framfæri. Ég vil með þessum fáu orðum hvetja þig til þess að mæta, taka þátt í umræðunni og koma þínum skoðunum á framfæri. Þannig fáum við starfsmenn bæjarins og kjörnir fulltrúar sem besta yfirsýn yfir það hvar og hvernig við viljum koma fyrir íbúðarhúsnæði fyrir fjölskyldur framtíðarinnar á Höfn.

Með von um þína þátttöku

Brynja Dögg Ingólfsdóttir

*Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins
Hornafjarðar.*



Nói Svan las blaðið alveg í ræmur. Mynd: Ragnheiður Rafnsdóttir

Lesandi mánaðarins

Eystrahorni barst þessi stór skemmtilega mynd af labrador hundinum Nóa Svan þar sem hann virðist vera að lesa síðasta tölublað Eystrahorns.

Myndin með forsiðugrein blaðsins af krökkunum í barnastarfi Menningarmiðstöðvarinnar að leika sér í ánni við Þorgeirsstaðarfoss hefur örugglega heillað og kannski hefur Nói óskað sér að geta buslað með krökkunum í ánni. Ósagt skal látið hvort annað efni blaðsins hafi vakið áhuga hans.

Kannski er kominn tími fyrir Eystrahorn að birta efni fyrir hunda eða aðra fjórætlinga í blaðinu?

HEFUR ÞÚ HLUSTAD Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify





HAFNARKIRKJA

Verið velkomin í fyrsta
sunnudagaskóla vetrarins í
Hafnarkirkju 12. september
kl. 11:00

Við munum bralla ýmislegt í
vetur og hlökkum til að sjá
ykkur öll á sunnudaginn.

*Kveðja
Stigur, María og Jörg*



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

13., 14. og 15. september.

Tímamantani í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. september.
Næsta skoðun 18., 19., og 20. október.

Frumherji

Pegar vel er skoðað

LEIÐRÉTTING

*Ranglega var farið með í frétt Morgunblaðsins sem birt var
í síðasta tölublaði Eystrahorns um Helgaslysið. Eigendur
Helga SF 50 voru Ólafur Runólfsson og Olgeir Eyjólfsson.*

*Einnig var farið rangt með nafn Braga Gunnarssonar
háseta, og föðurnafn Helga Símonarsonar
leiðréttist hér með.*



Þakkir

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát og útför
elskulegs föðurbróður okkar

Davíðs Ragnarssonar

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skjólgarðs
fyrir góða umönnun.

Kærleikskveðjur.

Aðstandendur



FRÍTT Í OPNA TÍMA 13-18 SEPTEMBER!!

1 WAKE ME UP

Mánu- og miðvikudaga kl. 06:15-07:00
Tímarnir eru mjög fjölbreyttir og
þú veist aldrei hverju þú átt vona á!

4 BOOSTER

Mánu- miðviku- og föstudaga kl. 12-12:50
Unnið á tíma, styrkir og þol.
Þú mátt mæta of seint í þennan!!

2 PICK ME UP

Þriðju- og fimmtudaga kl. 17:30-18:15
Tímarnir eru mjög fjölbreyttir og
þú veist aldrei hverju þú átt vona á!

5 JÓGA

Mánudagar kl. 16:30-17:30
Fimmtudagar kl. 06:15-06:15
Jógafæði og slökun í lokin.

3 MJÚKTR

Þriðju- og fimmtudaga kl. 09:30-10:20
Mjúktr tímar þar sem áhersla er lögð
á rólegar styrktar- og teygjumengar.

6 BLAND Í POKA

Laugardaga kl. 09:30-10:30
Þú veist ALDREI hverju
þú átt vona á!!

FREKART UPPLÝSINGAR Í VIKUNNI - HLÖKKUM TTL AÐ SJÁ YKKUR!!

Sporthöllin bíður uppá NÝTT æfingakort í vetur
þar sem þú hefur aðgang að tækjasalnum og 12
kenndum tímum sem þú hefur ótakmarkaðan
aðgang að.

Hvort sem þig langar að styrkja þig, auka þol,
liðleika eða losna við vöðvabólgu þá er 100%
eitt hvað í boði fyrir þig.

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritsjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur:.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Starfsmenn í veiðarfæragerð

Skinney – Þinganes hf. óskar eftir kraftmiklum
og duglegum einstaklingum í störf hjá
veiðarfæragerð félagsins á Höfn.

Öll kyn eru hvött til að sækja um störfin.

Áhugasamir eru beðnir um að senda
starfsúmsókn í tölvupósti á netagerd@sth.is

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um
starfið hjá Friðriki Þór Ingvaldssyni í síma 869-
0422 eða netagerd@sth.is

„Vinir í bata“ í Hafnarkirkju

Fyrirhugað er að bjóða upp á 12 spora starf „Vinir í bata“ í Hafnarkirkju í vetur.

12 sporin eru ætluð öllum þeim sem vilja fara yfir líf sitt með það að markmiði að bæta lífsgæði, öðlast skilning á ómeðvituðum hegðunarmunstrum sem oft eru þróuð í æsku s.s. er ég hvatvís er ég virðingarlauss, læt ég undan vilja annarra án þess að langa það. Skilja innihald samskipta, vinna úr hvers konar áföllum og fleira. 12 sporin hafa nýst vel gegn hvers konar firringu og afneitun og hafa þar af leiðandi reynst árangursrík leið í baráttunni gegn hvers konar fíkn.

Þetta sporastarf er fyrir alla hvort sem menn eru að vinna með fíkn eða annað.

12 spora starfið byggir á trúarlegum grunni og er sprottið frá 12 spora starfi AA-samtakanna. Æðri máttur er stjórnandinn/n hvort sem hann er besta útgáfan af einstaklingum sjálfum eða Guð.

Fyrsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. september og stendur frá kl 17:00-19:00.

Leiðbeinandi í vetur er Sveinbjög Jónsdóttir djáknakandidat. Ef einhverjar spurningar vakna er sjálfsagt að hafa samband í síma 869-2364.



Kvennahlaup ÍSÍ



Kvennahlaup ÍSÍ verður haldið laugardaginn 11. september og verður hlaupið frá Sundlaug Hafnar kl 11:00. Létt upphitun er fyrir hlaupið. Tvær hlaupalengdir eru í boði, 3km og 5km. Líkt og í fyrra fer skráning í hlaupið fram á tix.is. Þáttökugjald er 1500kr fyrir fullorðna og 500kr fyrir barn.

Fólk framvísar útprentuðum miðum frá tix.is eða kvittun í síma. Þeir sem vilja greiða á staðnum geta að sjálfsögðu gert það. Frítt er í sund fyrir alla sem taka þátt í hlaupinu.

Aðalfundur Leikfélags Hornafjarðar verður haldinn í Hlöðunni Fiskhól 5 16. september klukkan 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Núpsstaðaskógur 12. september

Sunnudaginn 12. september verður gönguferð í Núpsstaðaskógi. Þetta er jafnframt jeppaferð því einungis er fært á jeppum inn á svæðið.

Mæting er austan við Núpsvötn kl.11:00 og ekið inn að Núpsstaðaskógi. Þar leiðir Sigrún Sigurgeirsdóttir göngu inn með Eystrafjalli, þeir sem vilja geta farið upp keðjuna til að sjá tvílitu fossana í Núpsá og Vestari-Hvítá. Mikil náttúrufergurð gerir það vel þess virði að ganga um svæðið, hvort sem farið er upp keðjuna eða einungis gengið á nokkuð jafnsléttu.

Nauðsynlegt er að bóka í ferðina því hún verður ekki farin nema næg þátttaka náist: Sigrún s:864-5456, einnig má hafa samband við hana á facebook.

Samkvæmt gildandi samkomutakmörkunum ætti ekki að vera þörf á grimum í göngunni því þar verður hægt að halda eins meters fjarlægð milli fólks.

Gott er að fylgjast með veðurspá og taka fatnað sem miðast við veður, ásamt því að taka með nesti. Erfiðleikastuðull er **2 skór** því það er lítil hækkun nema hjá þeim sem vilja fara upp keðjuna, en hringurinn sem við göngum er um 6 km.

Það eru allir velkomnir í göngur ferðafélagsins, en sé hundur með í för er hann á ábyrgð eiganda og taumur þarf að vera til taks.

Þáttökugjald í göngu er **kr.1.000 fyrir einstaklinga, 1.500 fyrir hjón** og frítt fyrir 16 ára og yngri.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á aðalskipulagi auglýsing um samþykkt bæjarstjórnar

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2021 breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

Í breytingunni felst að heimila efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ í Suðurfjörum, skammt vestan Hornafjarðar í landi Borgar (L160078). Efnistakan verður heimiluð til rannsóknar á svæði/svæðum sem samanlagt verða undir 25.000 m². Efnistökuverður harpað á staðnum og flutt út til frekari rannsókna.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá Landgræðslu Ríkisins, HAUST, Vegagerðinni og Ómari Antonsyni. Brugðist hefur verið við athugasemdum.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta óskað eftir upplýsingum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Greinargerðina má skoða hér .

Fyrir hönd bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Brynja Dögg Ingólfsdóttir





Hlökkum til að sjá ykkur!

Opinn fundur með frambjóðendum!

12. september kl. 20:00.

Opinn fundur í Sjálfstæðishúsinu, Kirkjubraut 3, Höfn.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Fagranes - Til leigu á Höfn í Hornafirði 781, glæsilegt einbýli, laust frá 1. október.



Eignin er skráð 194,3 m² og skiptist í 144m² íbúðarhús, 50m² bílskúr og garðskáli 35fm (sem er ekki gefinn upp í fermetratölu). Eignin stendur á sérstaklega fallegri eignarlóð.

Garðurinn í kringum húsið er sérstaklega skjólsæll, fallegur og vel við haldið ásamt allri aðkomu að húsinu sem er snyrtileg. Pallur og hellulögð stétt eru í garðinum.

Í eigninni eru 3 svefnherbergi, rúmgott baðherbergi, sjónvarpsstofa, niðurgráfin stofa, hol, eldhús, borðstofa þvottahús, forstofa og tvöfaldur bílskúr með góðri geymslu við enda skúrsins. Bílskúrhurð með sjálfvirkum opnara.

Hægt að leigja með húsgögnum.

Leigutímabil: 18 mánuðir. 01.10.2021 - 31.03.2023

Hægt að hafa samband við:

Sævar: 861-2234

Stefán: 895-8524

Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarnin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



1000 kr.
á mánuði



2000 kr.
á mánuði



3000 kr.
á mánuði

3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst nýtt deiliskipulag fyrir Reynivelli II, Stekkaklett og Lambaleikstaði.

Deiliskipulagsupprætti og greinargerðir má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag kynningu.

Deiliskipulagstillögurnar hafa verið sendar til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Aðalfundur

Karلاكórsins Jökuls verður haldinn í safnaðarheimili Hafnarkirkju, **13. september n.k. kl. 19:30**

Venjuleg aðalfundarstörf og verkefni vetrarins verða kynnt

Félagar hvattir til að mæta og nýir söngmenn boðnir velkomnir



**Karلاكórinn
Jökull**

Grunnur í klettaklifri

Nýr nemendahópur í grunnnámi á fjallamenskubraut FAS var boðinn velkominn á dögnum. Hópurinn verður stór í vetur og því voru fyrstu námskeiðin, gönguferðin annars vegar og klettaklifur og línuvinna hins vegar, haldin samtímis og hópnum skipt í tvennt. Kennarar í klettaklifri og línuvinnu voru Arni Stefán Haldorsen, Bjartur Týr Ólafsson, Daniel Saulite, Íris Ragnarsdóttir og Magnús Arturo Batista.

Námskeiðið gekk afar vel enda hópurinn hress og metnaðarfullur og við nutum eindæma veðurbliðu. Markmið námskeiðsins er að kynna hópinn fyrir klettaklifursíþróttinni auk þess að leggja grunninn að línuvinnu. Námskeiðið var vikulangt og því góður tími til æfa bæði klifurtæknina sem og tæknilega hluti.

Háfallatöffarinn og efnaræðingurinn Arlene Blum var á landinu og stödd í Skaftafelli í vikunni. Hún var með myndasýningu og fyrirlestur á Hótel Skaftafelli og hópurinn mætti þangað. Hún sagði frá ævintýrum sínum; m.a. fyrstu kvennaleiðongrunum á Denali og Annapurna, göngu yfir Himalaya fjallgarðinn endilangan og störfum hennar sem efnaræðingur og baráttu gegn skaðlegum efnum í neytendavörum. Frábær fyrirlestur og mikil fyrirmynd þar á ferð.

Námskeiðið hófst á kynningu á skólanum og vetrinum framundan, nemendum og kennurum, og helsta búnaði sem notaður er



í klettaklifri. Að því loknu hélt hópurinn út á Hafnartanga við Vestrahorn þar sem flestir stígu sin fyrstu skref í grjótblímu. Grjótblíma er undirgrein klettaklifurs þar sem klifrað er í lágum klettum og notast við dýnur til fallvarnar. Í lok dags var keyrt í Skaftafell og þar settar upp tjaldbúðir. Næstu þrjú daga notuðum við á Hnappavöllum, sem er stærsta klifursvæði landsins. Farið var vel í notkun sigtóla, bæði til sigs og tryggingu klifrara, hópurinn lærði innsetningu bergtrygginga, helstu hnúta, uppsetningu akkera, þræðingu akkera, sig, gráðunarkerfi klettaklifurs skoðað og margt fleira. En umfram allt var mikið klifrað. Á fimmta degi var kominn tími á hvíld frá

klifrinu. Við skoðuðum eðlisfræði klifurs og gerð klifurlína, fleiri hnúta og klifur upp línu. Daginn enduðum við svo með bíókvöldi þar sem horft var á klifurmyndina Progression. Sjötta daginn var haldið í klifurvegginn í Káraskjólum þar sem nemendur kynntust innanhússklifri fram eftir degi og enduðu svo á því að æfa uppsetningu einstefnuloka og að líkja eftir ferli fjölspannaklifurs. Það var svo æft í raunverulegri aðstæðu á lokadegi námskeiðsins þegar farið var aftur að Vestrahorni og leiðin Námsbraut klifin. Æðisleg vika og magnaður hópur, það stefnir í frábæran vetur! Takk fyrir okkur.

Arni Stefán

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð og samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur og úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur um framtíðar íbúðabyggð á Höfn



Boðað er til íbúafundar í Nýheimum **15. september kl. 17:00** fundurinn verður í formi heimskaffis þannig að öllum gefst tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri.

Kynnt verður samantekt um möguleika á svæðum til þéttingar byggðar og uppbyggingu nýrra hverfa og rætt um kosti og galla hvors fyrir sig. Fyrirkomulag fundarins verður svokallað heimskaffi og þannig gefst öllum tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Tilkynning

RARIK hefur ákveðið að framlengja
tilboði á tengingu við hitaveitu í
Hornafirði til **31.12.2021**

Allir sem eiga tæknilegan kost á að tengjast
veitunni geta nú gert það á föstu gjaldi
óháð búsetu.

Gjaldið er 390.000 kr. að viðbættum 11%
virðisaukaskatti fyrir allt að 32 mm heimæð.

Hægt er að sækja um með rafrænum
skilríkjum á www.rarik.is eða á skrifstofu
fyrirtækisins á Höfn.

www.rarik.is



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir alþingiskosningar 25. september 2021

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00. Lengdur opnunartími á skrifstofum embættisins verður auglýstur síðar.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög o.fl.

Frá og með 15. september verður hægt að greiða atkvæði á eftirtöldum stöðum:

- Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opnunartími kl. 09:00 – 12:00 og kl. 13:00-16:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk, Hveragerði. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00–15:00, föstudaga kl. 10:00–12:00.
- Á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 – 12:00 og 13:00-16:00, föstudaga kl. 9:00-12:00.
- Á skrifstofu Bláskógabyggðar 2. hæð í Aratungu, Reykholti. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00, föstudaga kl. 8:30–12:30.
- Á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-15:00, föstudaga kl. 09:00-13:00.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 10:00- 13:00.
- Á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Örafum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir föngum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar er mælt til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á kjörskrá í öðrum kjördæmum.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 23. september n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is Unnt er að senda umsókn á netfangið sudurland@syslumenn.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

